



Brothættar byggðir

Rafrænn íbúafundur í Strandabyggð
29. apríl 2020

Eva Pandora Baldursdóttir
Kristján Þ. Halldórsson



BYGGÐASTOFNUN

Tilurð og markmið verkefnisins

- Verkefnið hófst á Raufarhöfn 2012
- Vakti fljótlega athygli stjórnvalda og hefur öðlast fastan sess í Byggðaáætlun og fjármögnun hennar til næstu ára



- Meginmarkmið:
 - Að stöðva **viðvarandi fólksfækkun** í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins
- Undirmarkmið:
 - Að auka **viðnámsþrótt** brothættra byggðarlaga gegn hnignun svo sem fólksfækkun, skekktri aldursdreifingu og áföllum í atvinnulífi.
 - Að virkja **frumkvæði og samtakamátt** íbúa og auka vitund þeirra um eigin þátt í þróun samfélagsins.
 - Að gefa íbúum kost á að **taka þátt** í forgangsroðun málefna.
 - Að stilla saman strengi **ríkis, sveitarfélags, opinberra stofnana, atvinnulífs og íbúa** í ákvörðunum sem varða viðkomandi byggðarlag
 - Að nýta verkefnið til að vekja athygli á viðfangsefnum sem eiga við í fleiru en einu byggðarlagi og **leita lausna** á þeim í samstarfi við stjórnvöld og aðra hagsmunaaðila.

Tilurð og markmið verkefnisins

- Af markmiðunum má sjá að mjög mikil áhersla er lögð á **þátttöku og virkni íbúa** á verkefnistímanum
- Stjórn Byggðastofnunar samþykkti á árinu 2019 að ganga til samstarfs við Strandabyggð. Undirbúningur var kominn á gott skrið þegar veirufaraldurinn kollvarpaði öllum áætlunum um samkomuhald



Áfangaskipting

- Verkefninu er skipt í fjóra áfanga:
 1. Undirbúningur
 2. Stefnumótun og áætlanagerð, þar með talið íbúáþing
 3. Framkvæmd
 4. Lok verkefnis, árangur festur í sessi.



- Verkefnið tekur fjögur til fimm ár í heild.
- Verkefnið í Strandabyggð er núna í öðrum áfanga.
 - Íbúáþingi, sem markar upphaf samtals við íbúa og er **mjög mikilvægur áfangi** í verkefninu, hefur verið frestað til sumars.
- Verkefnisstjóri verður fljótlega ráðinn og mun leiða starfið á rekstrartíma.
- Íbúar eru hvattir til að skoða verkefnislýsingu fyrir Brothættar byggðir á [vef Byggðastofnunar](#).



BYGGÐASTOFNUN

Styrkir til frumkvæðisverkefna



- Hvert þáttökubýggðarlag fær tiltekna upphæð árlega til að styðja frumkvæðisverkefni íbúa.
 - Styrkir koma að jafnaði ekki til fyrr en búið er að móta áherslur og verkefnisáætlun, það er í þriðja áfanga verkefnisins.
- Í hverju byggðarlagi skipar verkefnisstjórn nefnd sem fer yfir umsóknir og gerir tillögu um úthlutun. Verkefnisstjórn tekur endanlega ákvörðun um úthlutunina.
- Við mat á umsóknum er stuðst við reglurnar, auk eftirfarandi matsþátta:
 - Verkefni fellur vel að skilaboðum íbúapings og stefnumótun verkefnisins
 - Útkoma nýtist sem flestum í byggðarlaginu
 - Trufli ekki samkeppni á þjónustusóknarsvæði
 - Leiði til atvinnusköpunar, helst á heilsársgrundvelli
 - Sé líklegt til árangurs og þekking/reynsla sé til staðar
 - Að markaðslegar og/eða rekstrarlegar forsendur séu trúverðugar
 - Áhrifa gæti fyrst og fremst í byggðarlaginu
 - Hvetji til samstarfs og samstöðu
 - Styrkveiting hafi mikil áhrif á framgang verkefnis



Fjárfestingaráttak í Brothættum byggðum



- Sem hluti af aðgerðum vegna veirufaraldurs hefur Alþingi samþykkt að veita aukalega 100 m.kr. til Brothættra byggða á árinu 2020. Rökstuðningur átaksins er m.a.:
 - Mikilvægt að hið opinbera ráðist í mannaflsfrekar og arðbærar framkvæmdir og fjárfestingar.
 - Með aukinni fjárveitingu er hægt að styðja við stærri frumkvæðisverkefni íbúa sem skapa atvinnu í byggðarlögum.
 - Verkefni þurfa að hefjast fyrir 1. september 2020 og vera lokið fyrir 1. apríl 2021.



Fjárfestingaráttak í Brothættum byggðum



Frumkvæðissjóður

60 m.kr. er veitt í frumkvæðissjóð sem skiptist jafnt á milli þáttökubýggðarlaga, 8.5 m.kr. á hvert þeirra.

Verkefnisstjórn hvers byggðarlags úthlutar úr sjóðnum. Stefnt er að úthlutun fyrir lok maí en umsóknarfrestur og skilyrði verða auglýst nánar í hverju byggðarlagi.



Öndvegissjóður

40 m.kr. er veitt í samkeppnissjóð sem er sameiginlegur fyrir öll sjö byggðarlögin. Þær umsóknir sem berast í Frumkvæðissjóðinn verða metnar af verkefnisstjórn byggðarlagsins og úr þeim hópi eru valin tvö úrvalsverkefni sem gefst kostur á að sækja einnig í Öndvegissjóðinn.

Verkefnisstjóri aðstoðar umsækjendur við að aðlaga umsóknina, ef þess gerist þörf.

Opnað verður fyrir umsóknir 15. júní og umsóknarfrestur er til og með 26. júní.




BYGGÐASTOFNUN

Fjárfestingaráttak í Brothættum byggðum

- Það gefur auga leið að tími til að undirbúa styrkumsóknir verður **knappur** í Strandabyggð í ljósi þess að ekki er búið að halda íbúáþing en verkefni eiga að hefjast í haust.
- Til að koma á móts við þetta hefur verið ákveðið að úthluta úr Öndvegissjóði í byrjun júlí en það þýðir að **verkefnisstjórn þarf að velja verkefni áður en íbúáþing verður haldið.**
- Úthlutun annarra styrkja fari fram þegar **búið er að halda íbúáþing og móta verkefnisáætlun.**
- Vonir standa til að þetta fyrirkomulag geti gengið í góðu samstarfi við hlutaðeigandi og að úthlutun verði lokið sem fyrst 😊





Takk fyrir okkur!

Að lokum viljum við hvetja alla sem mögulega geta til þess að mæta á íbúáþing og eiga ánægjulegt og uppbyggjandi samtal um framtíðina